

Sp.

51. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Gylfi P. Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ákvæði 1. kafla laga nr. 55 1949 um lækni meðferð ölvaðra manna, sem og ákvæði 8. gr. um gæzlúvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, komi sem fyrst til framkvæmda.

Greinargerð.

Í lögum nr. 55 1949 er svo kveðið á, að á árunum 1950—1956 skuli 750 þús. kr. árlega renna í gæzlúvistarsjóð, en hann skal hafa það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laganna, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst því að reisa eða hjálpa til að reisa gæzlúvistarhæli. Ekki hefur orðið úr öðrum framkvæmdum á grundvelli laganna en þeim, að ríkið hefur komið á fót hæli á Úlfarsá. Er það ætlað þeim, sem um nokkurt skeið þarfnast lækni meðferðar, og mun það taka 6—8 vistmenn. Hins vegar hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að hætta þeirri ósvinnu að fangelsa drukkna menn, sem eru á almannaferi, í stað þess að veita þeim nauðsynlega aðhlyningu og lækni meðferð, og engu gæzlúvistarhæli hefur verið komið upp fyrir þá ofdrykkjumenn, sem verst eru farnir í heilsufarslegu og félagslegu tilliti, en gert var ráð fyrir því við setningu laganna, að sveitarfélög ættu að hafa forgöngu um þessar framkvæmdir og hljóta til þeirra ríkisstyrk.

Fyrir skömmu stóð þó til að koma á fót slíku gæzlúvistarhæli í nágrenni Reykjavíkur, þ. e. á Skeggjastöðum í Mosfellssveit. Sú jörð hefur marga kosti til slíkra nota og er svo vel hýst, að þar gætu dvalizt 20 vistmenn auk starfsfólks. Því miður varð ekki úr því sökum ágreinings um kaupverð. En við svo húið má ekki standa. Í Reykjavík og vafalaust einnig annars staðar eru svo margir drykkjusjúkir menn, sem eiga í raun og veru hvergi höfði sínu að halla, að óverjandi er að koma ekki á fót fyrir þá gæzlúvistarhæli. Kjallari lögreglustöðvarinnar í Reykjavík er og enn næturstaður ólánssamra manna, sem vissulega þarfnast annars konar vistar vegna sjúkdóms síns.

Í janúar síðastliðnum var komið á fót í Reykjavík hjálparstöð fyrir drykkjumenn, Áfengisvarnastöð Reykjavíkur, og verður hún ein deild heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Starfa þar tveir læknar og tvær hjúkrunarkonur, og hefur sú starfsemi borið mikinn árangur. En aðstöðu á sjúkrahúsi vantar og sömuleiðis hæli fyrir drykkjusjúklingana.

Er tillaga þessi borin fram til þess að stuðla að því, að ekki verði dregið lengur að hefjast handa um nauðsynlegar ráðstafanir til hjálpar þeim olnbogabörnum þjóðfélagsins, sem nú eru einna mestar hjálpar þurfi.